


# Íslenski lífeyrissjóðurinn og Lífeyrissjóður bankamanna – stuttur samanburður

Í síðustu viku birtist pistill á vef SSF um ávöxtun og rekstrarkostnað nokkurra lífeyrissjóða. Við sem störfum fyrir Íslenska lífeyrissjóðinn fögnum allri umræðu um lífeyrismál enda teljum við mikilvægt að fólk sé vel upplýst um og hafi skilning á þessu mikla hagsmunamáli sem lífeyrismálin eru. Þrátt fyrir upplýsandi pistil teljum við okkur hins vegar knúin til að leiðrétta framsetningu á ávöxtunartölum og gera betur grein fyrir tölum um rekstrarkostnað. Umfjöllun hér á eftir er bundin við Íslenska lífeyrissjóðinn (Íslenski) og Lífeyrissjóð bankamanna (Lífbank).


## Ávöxtun

Þegar fjallað er um sögulega ávöxtun lífeyrissjóða til skemmri eða lengri tíma er nauðsynlegt að leiðrétta fyrir ólíkum uppgjörsaðferðum skuldabréfa. Í Lífbank er meirihluti skuldabréfa bókfærður á kaupkröfu skuldabréfanna, þ.e. á þeirri ávöxtunarkröfu sem skuldabréfin eru keypt inn í eignasafnið en ekki á þeirri ávöxtunarkröfu sem er á markaði. Í eignasafni samtryggingardeildar Íslenska eru öll skuldabréf bókfærð á markaðskröfu, þ.e. á þeirri ávöxtunarkröfu sem er á skuldabréfamarkaði. Samanburður á árlegri meðalávöxtun getur því verið nokkuð villandi og þá sérstaklega ef horft er á styttri tímabil. Þegar leiðrétt hefur verið fyrir þessum mun og samræma aðferðafræði breytist samanburðurinn talsvert. Efri myndin hér að neðan sýnir meðaltal raunávöxtunar sl. 5 ára annars vegar og 10 ára hins vegar þegar gögnin eru tekin beint úr ársreikningi. Neðri myndin sýnir meðaltal raunávöxtunar fyrir sama tímabil þegar búið er að leiðrétta fyrrgreindan mun á uppgjörsaðferð skuldabréfa lífeyrissjóðanna.

Meðaltal raunávöxtunar - Úr ársreikningi



Meðaltal raunávöxtunar - Skuldabréf á markaðskröfu




## Rekstrarkostnaður

Þegar borinn er saman kostnaður á milli lífeyrissjóðanna er mikilvægt að hafa í huga að Lífbank er skipt í tvær aðskildar deildir, Hlutfallsdeild og Aldursdeild. Deildirnar eru ólíkar hvað varðar sjóðfélagagrunn og þar með eignasamsetningu ásamt því að aðildarfyrirtæki lífeyrissjóðsins taka þátt í rekstrarkostnaði Hlutfallsdeildar samkvæmt samkomulagi frá árinu 2006. Á árinu 2022 nam hlutfall aðildarfyrirtækja í rekstrarkostnaði 51,5 m.kr. Mikill munur er því á nettó kostnaði þessara tveggja deilda og þ.a.l. ættu deildirnar að vera aðskildar í samanburði við aðra sjóði en ekki vera lagðar saman þar sem sjóðfélagar Aldursdeildar njóta ekki þátttöku aðildarfyrirtækja lífeyrissjóðsins í rekstrarkostnaði.

Í fyrirnefndum pistli SSF var mynd þar sem rekstrarkostnaður sem hlutfall af hreinni eign var birtur en deildirnar tvær voru lagðar saman og gefa því ekki rétta mynd af kostnaði við rekstur hvorrar deildar fyrir sig. Þá var eingöngu rekstrarkostnaður lífeyrissjóðanna tekinn fyrir í útreikningnum en ekki bein fjárfestingargjöld (t.d. þóknarir vegna verðbréfavíðskipta, vörsluþóknun o.fl.) og óbein fjárfestingargjöld (gjöld verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða sem lífeyrissjóðirnir eiga hlutfeld í). Þegar þau gjöld eru einnig dregin inn í jöfnuna, þá breytist myndin töluvert eins og myndin hér að neðan sýnir.

Beinn og óbeinn kostnaður % af MHE



## Ólíkir sjóðir

Eins og framangreindar tölur bera með sér er samanburður á lífeyrissjóðum vandmeðfarinn. Lífeyrissjóðir eru þrátt fyrir allt nokkuð ólíkir innbyrðis að uppbyggingu og starfsemi og vörufuramboð misjafnt. Þetta á ekki síður við þegar Íslenski lífeyrissjóðurinn og Lífeyrissjóður bankamanna eru bornir saman.

Lífeyrissjóður bankamanna, sem er einn elsti lífeyrissjóður landsins, er eins og áður segir rekinn í tveimur samtryggingardeildum, Hlutfallsdeild og Aldursdeild. Engin séreignardeild er í Lífeyrissjóði bankamanna. Hrein eign sjóðsins í árslok 2022 var um 103 milljarðar króna, þar af voru eignir Hlutfallsdeildar 40,2 ma.kr. og Aldursdeildar 62,5 ma.kr. Hlutfallsdeild sjóðsins var lokað fyrir nýjum sjóðfélögum árið 1999. Allir nýir sjóðfélagar síðan þá greiða því í Aldursdeild. Virkir sjóðfélagar í Hlutfallsdeild (þ.e. þeir sem greiða reglubundið í sjóðinn) voru 77 í árslok 2022 en voru 1.574 í Aldursdeild á sama tíma. Lífeyrissjóður bankamanna starfar sjálfstætt en hjá sjóðnum eru 4 starfsmenn. Laungreiðendur eru innan við 10 talsins.

Íslenski lífeyrissjóðurinn er starfræktur innan Landsbankans á grundvelli rekstrarsamnings. Einn starfsmaður er hjá sjóðnum, framkvæmdastjóri, en önnur starfsemi er á höndum


starfsmanna Landsbankans og Landsbréfa. Sjóðurinn hefur stækkað hratt á síðustu árum og var hrein eign í lok síðasta árs um 160 ma.kr. Fjöldi virkra sjóðfélaga í árslok 2023 var 23.420. Með samstarfi við Landsbankann nýtir sjóðurinn innviði stærsta fjármálafyrirtækis landsins og kunnáttu fjölda sérfræðinga úr ólíkum deildum hans. Má þar nefna Verðbréfa- og lífeyrisþjónustu, Bókhald sjóða og bakvinnslu lífeyrissjóða, Viðskiptalausna eignastýringar og miðlunar, Áhættustýringar, Lögfræðiþjónustu, Regluvörslu, Innri endurskoðun, ráðgjafa í útibúum og þjónustuveri, UT og Sjálfbærni svo dæmi séu tekin. Íslenski lífeyrissjóðurinn er að uppistöðu til séreignarsjóður og starfar í 5 ólíkum deildum, einni samtryggingardeild og fjórum séreignardeildum.

Hjá Íslenska lífeyrissjóðnum er boðið upp á fjórar útgreiðsluleiðir í skyldulífeyrissparnaði þar sem mishátt hlutfall rennur í samtryggingu eftir vali sjóðfélaga. Í vinsælustu útgreiðsluleiðinni (Leið 1) fer 8,8% iðgjaldi í samtryggingu (lágmarkstryggingavernd) sem greiðist frá 70 ára aldri. Það sem eftir stendur rennur í frjálsa séreign. Fyrir starfsmenn sem taka laun skv. kjarasamningi SSF (17% lífeyrisiðgjald) er því hægt að ráðstafa 8,2% af iðgjaldi í séreign (í Leiðum 2 til 4 fer enn stærri hluti skylduiðgjalds í séreign). Í Aldursdeild lífeyrissjóðs bankamanna greiða sjóðfélagar 10% iðgjald í samtryggingu (lágmarkstryggingavernd). Frá og með 1. janúar 2024 myndar iðgjald sem greitt er til Aldursdeildar full réttindi miðað við 70 ára aldur en áður var miðað við 67 ára aldur.


Ólíkt lífeyrissjóði bankamanna byggir Íslenski lífeyrissjóðurinn ekki á skylduaðild. Öllum er frjálst að greiða til sjóðsins og geta óánægðir sjóðfélagar flutt sig annað sýnist þeim svo. Íslenski lífeyrissjóðurinn leggur mikið upp úr góðri þjónustu og upplýsingagjöf. Þannig birtir sjóðurinn mánaðarlega nýjar ávöxtunartölur á vef sínum og á Keldunni og ársfjórðungslega er birt ítarleg eignasamsetning hverrar deildar. Þá er hægt að nálgast upplýsingar um eigin lífeyrisréttindi í appi Landsbankans og á sjóðfélagavef.

Talsverðar breytingar hafa verið á fjölda sjóðfélaga Lífbank og Íslenska á liðnum árum. Á meðan sjóðfélögum Íslenska lífeyrissjóðsins hefur fjölgað hratt hefur sjóðfélögum Aldursdeildar Lífbank fækkað eins og meðfylgjandi myndir sína.

Fjöldi virkra sjóðfélaga 2022



Virkir sjóðfélagar hjá Íslenska sl. 6 ár



Virkir sjóðfélagar í Aldursdeild Lífbank sl. 6 ár

